
Stjórnarfundur STEFs 12. nóvember 2019 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 12. nóvember 2019 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Jakob Frímagn Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Bragi Valdimar Skúlason. Hildigunnur Rúnarsdóttir mætti sem varamaður Hjálmars H. Ragnarssonar. Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður) boðaði forföll. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 1. október og útdráttur úr fundargerð voru samþykkt án breytinga.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Viðurkenning Votlendissjóðs.
 - b. Yfirlit yfir samkomulag STEFs og Sýnar.
 - c. Minnisblað vegna reglugerðar um fjármagnstekjuskatt af höfundaréttargreiðslum.
 - d. IHM. Þýðing á norskrí könnun og minnisblað framkvæmdastjóra IHM.
 - e. Yfirlit úr skýrslu CISAC.
3. Keychange verkefnið – val á þátttakendum – tillaga kynnt

Niðurstaða samráðsnefndar *Keychange* (ÚTÓN, FÍH og STEF) um þrjár tónlistarbransakonur og sex söngvaskáld var kynnt stjórn, sem gerði engar athugasemdir við valið. Verður valið tilkynnt *Keychange* í framhaldinu. Af þeim sex söngvaskáldum sem eru á listanum verða síðan þrjár valdar til áframhaldandi þátttöku í verkefninu af þeim tónlistarhátíðum sem taka þátt í því.

4. Drög að verklagsreglum úthlutunar vegna árhátíða, skólaballa og tónlistarhátíða

Lagt var fram minnisblað sem útskýrði verklagsreglurnar. Í stuttu máli sagt gengur þessi breyting á verklagsreglum út á að nota meðaltal tekna fyrir árhátíðir og skólaböll til að úthluta á þá lagalista sem berast STEFi. Slíkt myndi tryggja þeim sem skila inn lagalistum úthlutun burtséð frá því hvort að tekist hefði að innheimta fyrir viðkomandi viðburð. Hvað varðar tónlistarhátíðir yrði einnig miðað við meðaltal hljómsveita/flytjenda á hverri hátíð fyrir sig og á þann hátt hægt að áætla betur hversu mikið væri hægt að úthluta til hvers lags fyrir sig skv. innsendum lagalistum.

Voru verklagsreglurnar samþykktar með þeim fyrirvara að eðlilegt væri að endurskoða fyrirkomulagið þegar nokkur reynsla væri komin á það.

5. Framtíðarstef – aðkoma Myndstefs og Rithöfundasambandsins

Lagt var fram minnisblað frá verkefnisstjóra hugbúnaðarþróunar um stöðu kostnaðar við þróun *Framtíðarstefs*, hins nýja tölvukerfis STEFs, og hversu langt verkefnið er komið. Farið var yfir það hverjar eru helstu breytingarnar sem kerfið felur í sér og hvaða verkefni eigi enn eftir að klára í tengslum við kerfið. Samþykkt var að framkvæmdastjóri fengi heimild til áframhaldandi ráðningar forritara sem unnið hefur undanfarið við forritun og framþróun kerfisins.

RSÍ og Myndstef hafa sýnt áhuga á að fá hið nýja kerfi til notkunar gegn greiðslu, en búið er að kynna þeim kerfið. Fær framkvæmdastjóri heimild til að verðleggja kerfið til þessara samtaka. Ljóst er að STEF mun ekki taka að sér neina þjónustu við kerfið eða ábyrgð á göllum þess.

6. Stefnumótun stjórnar

Kynntar voru hugmyndir að stefnumótun stjórnar eftir áramótin, en ákveðið var í ljósi forfalla stjórnformanns að fresta liðnum til næsta fundar.

7. Tillaga um stofnun jafnréttisnefndar

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að stofnun jafnréttisnefndar STEFs og var hún samþykkt. Mun nefndin fá það verkefni að móta tillögur að átaksverkefnum STEFs í þágu kynjajafnréttis. Tillögurnar verða síðan lagðar fyrir stjórn STEFs.

8. Önnur mál

a. Beiðni um styrk til ritunar ævisögu.

Ákveðið var að synja beiðninni þar sem hún fellur ekki að verklagsreglum stjórnar um styrkveitingar.

b. Rætt var um nauðsyn þess að skerpa á verklagsreglum stjórnar um styrkveitingar.

Fleiri mál voru ekki fram borin.

Fundi slitið kl. 13:30.